

## Þrjú menningarverkefni tilnefnd til Eyrarrósarinnar 2011

**Eyrarrósinn**, árleg viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni, verður afhent á Bessastöðum 13. febrúar næstkomandi og er það í sjöunda sinn sem hún er veitt.

Þrjú verkefni hafa verið tilnefnd úr hópi umsækjenda til Eyrarrósarinnar 2011: **700IS Hreindýraland á Egilsstöðum, Sumartónleikar í Skálholti og Þórbergssetur á Hala í Suðursveit.**



**Eyrarrósinn** er samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík, Byggðastofnunar og Flugfélags Íslands. Markmið Eyrarrósarinnar er að efla fagmennsku og færni við skipulagningu menningarlífs og listviðburða á landsbyggðinni, skapa sóknarfæri á sviði menningar- tengdrar ferðaþjónustu og auka kynningarmöguleika einstakra sveitarfélaga og landshluta. Við athöfnina verður tilkynnt hvert framangreindra verkefna hlýtur Eyrarrósina í ár; fjárstyrk að upphæð 1,5 milljón kr, verðlaunagrip eftir Steinunni Þórarinsdóttur og flugferðir frá Flugfélagi Íslands. Aðrir tilnefndir hljóta 250 þúsund króna framlag auk flugferða. Verðlaunin veitir Dorrit Moussaieff forsetafrú, sem jafnframt er verndari Eyrarrósarinnar.

Umsögn valnefndar um tilnefnd verkefni:

### **Sumartónleikar í Skálholti**

Sumartónleikar í Skálholti hafa í þrjátíu og fimm ár verið haldnir í nokkrar vikur á hverju sumri í Skálholtsdómkirkju í Biskupstungum. Jafnframt er þar staðið að öflugri útgáfu og rannsóknum á tónlistararfinum. Fjölbreytt efnisval og gæði Sumartónleikanna laða að stóran hóp tónlistarunnenda auk ferðamanna og annarra gesta enda orðnir fastur liður í lífi fjölda fólks. Listrænn metnaður hátíðarinnar hefur eftir nýsköpun í tónlist, stuðlað að vakningu á flutningi barokktónlistar á Íslandi og dýpkað þekkingu á íslenska söngarfinum. Sumartónleikar í Skálholti eru mikilvægur menningarviðburður sem jafnframt veitir almenningi greiðan aðgang að einum sögufrægasta stað landsins.

### **Þórbergssetur**

Meginhlutverk Þórbergsseturs á Hala í Suðursveit er að kynna líf og verk Þórbergs Þórðarsonar rithöfundar, íslenskan bókmenntaarf og um leið sögu þjóðarinnar. Jafnframt hefur Þórbergssetur frá stofnun, árið 2006, verið öflugt í uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu í Skaftafellssýslum, varðveitt og viðhaldið staðbundinni þekkingu og þjóðlegum menningarverðmætum. Starfið í Þórbergssetri er byggt á faglegum grunni og frá upphafi hefur verið lögð rík áhersla á samstarf við mennta- og menningarstofnanir í héraði og víðar. Sérstaða Þórbergsseturs felst ekki síst í þekkingu heimamanna á náttúru og umhverfi, auk sagnahefðar sem byggir á einstakri færni og framsetningu á íslenskri tungu í verkum eins merkasta rithöfundar þjóðarinnar.

### **700is Hreindýraland**

700IS Hreindýraland er alþjóðleg kvikmynda- og vídeólistahátíð sem haldin er á Egilsstöðum. Hátíðin var fyrst haldin árið 2006 og stendur yfir í vikutíma í mars ár hvert. Áhersla er lögð á að sýna tilraunakennda kvikmyndalist og á hátíðin í góðu samstarfi við skóla á Fljótaldalshéraði sem og innlendar og erlendar menningarstofnanir. Virk þátttaka Héraðsbúa sem og öflugt Evrópusamstarf gefur hátíðinni mikið gildi og skipuleggjendur hafa unnið frumkvöðlastarf í kynningu myndbanda- og vídeólistar. 700IS Hreindýraland er áhugaverður bræðingur listgreina sem auðgar menningar- og mannlíf á Austurlandi sem og alla ferðaþjónustu á svæðinu, með því að laða að erlenda og innlenda listamenn og gesti utan hefðbundins ferðamannatíma.

**Eyrarrósina 2010** hlaut tónlistarhátíðin Bræðslan á Borgarfirði eystra.

Aðrir Eyrarrósarhafar eru:  
Landnámssetrið í Borgarnesi,  
rokkhátíðin Aldrei fór ég suður,  
Strandagaldur á Hólmavík, LungA,  
listahátíð ungs fólks á Austurlandi  
og Þjóðlagahátíðin á Siglufirði.

Ár hvert er auglýst eftir umsóknum í fjölmiðlum og eru umsækjendur meðal annars menningarhátíðir, stofnanir, söfn auk tímabundinna verkefna. Fjögurra manna verkefnisstjórn, skipuð forstjóra og stjórnarformanni Byggðastofnunar og stjórnanda og framkvæmdastjóra Listahátíðar í Reykjavík, tilnefni og velur verðlaunahafa.

---

**Nánari upplýsingar veita:**

Steinunn Þórhallsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Listahátíðar í Reykjavík  
steinunn@artfest.is s. 561-2444 og 862-3242

Guðrún Norðfjörð, framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík  
guðnord@artfest.is s. 561-2444 og 866 6010

Eyrarrósin er samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík, Byggðastofnunar og Flugfélags Íslands.

